

Minnisblað

Til: Djúpvogshöfn

Frá: Vegagerðin hafnarsvið, JPS

Dags: 01.11.2018

Varðar: Löndunar og Hafskipabryggja, ástandsskoðun.

Köfunarþjónustan Sigurðar ehf. ástandsskoðaði og þykktarmældi stálþils bakkana í október 2018.

Gerð bryggju og aldur:

Löndunar og Hafskipa bryggja eru samliggjandi. Hafskipabryggjan var byggð árið 1972 og Löndunarbryggjan árið 1980. Báðar bryggjunnar eru byggðar úr stálþilsplötum. Heildarlengd bryggja er um 155 m og viðlegudýpi við Löndunarbryggjuna er 6,0 m og 5,5 m við Hafskipabryggjuna. Á bryggjunni er steypdur kantur og steyppt þekja. Bryggjurnar eru hannaðar fyrir alla almenna notkun.





Ástand bryggju:

Kafað var með þilinu og það þykktarmælt. Einnig voru skráð göt sem eru komin á það. Það er ljóst að þilið er gegnumtært eftir endilöngum kantinum á ca. 100 cm kafla kringum lægstu mögulegu fjöru. Á bryggjunni hafa víða myndast göt. Stálþilið er í sæmilegu ástandi ofan við og neðan við tæringa svæðin. Þykktarmælingar sýna að þykkt stálþilsins er frá 0-5 mm á tæringarsvæðinu. Upphafleg þykkt þilsins var 10 mm. Svo virðist sem lítið af fyllingarefnum hafi skolast út um götin á þilinu.

Þekja, steypdur kantur og pollar eru í góðu ásigkomulagi.

Burðarhæfi stálþils:

Fyllingin innan við þilið hefur væntanlega þakast með tímanum og hvílir ekki eins þungt á þilinu og í upphafi. Utanaðkomandi atburður eins og t.d. ásigling gæti komið hreyfingu á fyllinguna þannig að hún leggist með fullum þunga á þilið og þá er hætt við að það gefi sig. Burðarhæfi polla hefur ekki minnkað og þola þeir álag vegna viðlegu skipa í vindi jafn vel og áður.

Ljóst er út frá mælingu þils að burðargeta er mjög skert og ef tekið er mið af meðalþykkt er burðargeta 30-40% af upprunalegum styrk sem er ekki fullnægjandi og í ráun má segja að þilið sé með öllu ónýtt.

Úrbætur :

Varanleg lagfæring á bryggjunni er að reka nýtt stálþil framan við það gamla og festa það við stög gömlu bryggjunna.

Ritað JPS.